

Undirbúningur að friðlýsingu: Geysissvæðið Verk- og tímaáætlun

Forsendur

Geysissvæðið í Haukadal er eitt þekktasta goshverasvæði jarðar og hefur örnefnið Geysir gefið goshverum nafn á erlendum tungumálum auk þess sem hverahrúður á erlendum tungumálum er oft kallað „geyserite“. Fjölmargir hverir eru á svæðinu og eru goshverirnir Geysir og Strokkur þeirra þekktastir. Dæmi um aðra hverir á svæðinu eru Blesi, Fata, Seyðirinn, Sóði, Litli Geysir, Óþerrishola, Litli Strokkur, Vigdísarhver, Smiður, Móri, Sísjóðandi, Konungshver, Stjarna, Þykkuvhverir, Ullarhver og Háihver. Virkni goshvera á svæðinu hefur minnkað nokkuð hin síðari ár og gjósa hverirnir ekki lengur reglulega að undanskildum Strokk sem gýs regulega á 5-10 mínútna fresti allt að 20-30 m háum gosum. Allt fram á 19. öld voru goshverir lítt þekkt fyrirbæri í Evrópu utan Íslands. Svæðið á sér langa rannsóknasögu og eru elstu ritaðar heimildir um hverasvæðið frá árinu 1294, en þá breyttist svæðið mikið í kjölfar jarðskjálfta.

Geysissvæðið liggur í jaðri vestara gosbeltisins. Talið er að svæðið hafi verið megineldstöð fyrir um einni milljón ára og jarðhiti svæðisins nú séu leifar hennar. Til vitnis um það er Laugafell, sem er innskot úr líparíti sem setur mikinn svip á svæðið.

Á Geysissvæðinu eru þekktar yfir 125 tegundir háplantna og yfir 20 mosategundir. Ein af háplöntunum er laugadepla sem er skráð á valista yfir plöntutegundir í hættu.

Auk náttúruminja eru menningarminjar á svæðinu en þar er að finna þrjá steina, konungssteina, sem eru minjar um heimsóknir Kristjáns IX árið 1874, Friðriks VIII árið 1907 og Kristjáns X árið 1921.

Árið 1894 keypti breskur maður hluta hverasvæðisins og rukkaði fyrir aðgang að því. Síðar gaf hann vini sínum svæðið en árið 1935 keypti Sigurður Jónasson landið aftur og gaf það íslensku þjóðinni. Þar til árið 2016 var hverasvæðið í óskiptri sameign ríkisins og annarra landeigenda. Árið 2016 gerðu íslenska ríkið og aðrir eigendur samning um kaup ríkisins á öllu landinu og er ríkið þar með orðinn eigandi allrar jarðarinnar Laugar og hverasvæðisins. Í kjölfarið á undirritun kaupsamningsins hófst undirbúningur að friðlýsingu svæðisins að nýju. Undirbúningur að friðlýsingu svæðisins var settur á bið þar til gengið hafði verið frá kaupverði landsins og er stefnan nú að ljúka við gerð tillögu að friðlýsingu svæðisins og vísa til ráðherra til ákvörðunar.

Geysissvæðið er afar fjölsóttur ferðamannastaður og er áætlað að allt að 70% af ferðamönnum sem heimsækja landið árlega komi að Geysi. Vegna þess hve það er fjölsótt er mikið álag á náttúruminjar innan Geysissvæðisins en takmarkaðir innviðir eru til að taka á móti þeim fjölda ferðamanna sem það heimsækja. Unnið hefur verið deiliskipulag fyrir hverasvæðið þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu innviða sem anna þeim fjölda gesta sem heimsækja svæðið. Umhverfisstofnun hefur sett svæðið á rauðan lista yfir svæði sem eiga á hættu á að tapa verndargildi sínu.

Geysir hefur verið skráður á náttúruminjaskrá um langt skeið. Svæði 737. *Haukadalur og Almennigur, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Svæðið afmarkast af Laugá, Beiná, Almenningsá, Tungufljóti og Skógræktargirðingunni í Haukadal. (2) Hverasvæði við Geysi og Haukadalur eru vinsælt útivistarsvæði. Áhugaverðar jarðmyndanir, m.a. líparít í Laugarfelli og gamalt Hverasvæði í Hvítamel. Almennigar er ósnortið mýrarsvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi.* Geysir var einnig skráður á náttúruverndaráætlun 2004-2008 og þar með mörkuð stefna um að vinna skuli að friðlýsingu svæðisins. Samkvæmt náttúruverndaráætlun er megin markmið með verndun svæðisins verndun sérstæðra jarðminja. Geysissvæðið var einnig flokkað í verndarflokk í þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem samþykkt var á Alþingi árið 2013. Sú flokkun felur í sér að hefja skuli undirbúning að friðlýsingu svæðisins.

Samkvæmt tillögu að aðalskipulagi Bláskógabyggðar er Geysissvæðið flokkað sem svæði á náttúruminjaskrá, afþreyingar- og ferðamannasvæði og landbúnaðarsvæði.

Í samræmi við ákvæði 39. gr. og bráðabirgðaákvæði nr. 2. í lögum nr. 60/2013 og 6. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun hefur Umhverfisstofnun, í samvinnu við Bláskógabyggð, hafið undirbúning að friðlýsingu svæðisins.

Tækifæri með friðlýsingu svæðisins felast m.a. í:

- verndun náttúru, einkum jarðminja.
- uppbyggingu innviða með það að markmiði að vel sé tekið á móti gestum svæðisins.
- betra viðhaldi innviða, skýrari afmörkun gönguleiða og stýring gesta.
- landvörslu og eftirliti.
- aukinni fræðslu og merkingum.
- samstarfi ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila á svæðinu.
- gerð stjórnunar- og verndaráætlunar.

Almennt um friðlýsingar

Í lögum um náttúruvernd er kveðið á um hlutverk Umhverfisstofnunar við friðlýsingar. Þar kemur fram að ráðherra getur friðlýst landsvæði, einstakar náttúrumyndanir, náttúruminjar í hafi, vatnasvæði og heildstæð vatnakerfi. Umhverfisstofnun hefur það hlutverk að undirbúa friðlýsingar og skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur og aðra réttshafa lands, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Í auglýsingu um friðlýsingu skal gera grein fyrir markmiði með friðlýsingu, þeim náttúruminum sem stefnt er að því að varðveita og verndargildi þeirra. Þá skal auglýsingu um friðlýsingu fylgja kort sem sýnir hnitsetta afmörkun svæðisins. Innan þeirra marka sem hverjum friðlýsingarflokki eru sett, getur ráðherra kveðið nánar á um takmarkanir, m.a. á umferðarrétti, notkun veiðiréttar og framkvæmdum auk þess sem ráðherra er heimilt að ákveða að afla skuli leyfis Umhverfisstofnunar til athafna og framkvæmda sem geta haft áhrif á verndargildi svæðisins. Þá má setja mismunandi reglur fyrir einstaka hluta svæðisins.

Samkvæmt 81. gr. laga um náttúruvernd ber Umhverfisstofnun ábyrgð á því að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði og skal tillaga að áætlun liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingarinnar.

Verk- og tímaáætlun

17. febrúar 2017: Fyrsti fundur samstarfshóps sem í eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar og Bláskógabyggðar. Hagsmunaaðilagreining. Verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun samþykkt. Umræður um friðlýsingarflokk, friðlýsingarskilmála, mörk og áherslur.

Febrúar til apríl 2017: Unnið að undirbúningi friðlýsingar svæðisins.

Apríl 2017: Undirbúningi friðlýsingar frestað þar til gengið hefur verið frá kaupum ríkisins á landinu.

Maí 2019: Mál hefst að nýju. Þriðji fundur samstarfshóps.

Júní 2019: Áframhaldandi vinna við undirbúning friðlýsingar. Stefnt að því að auglýsa tillögu um friðlýsingu svæðisins í lok mánaðarins.

Október 2019: Kynningartíma lokið. Samstarfshópur vinnur úr athugasemdum sem berast á kynningartíma. Að því loknu er tillaga að friðlýsingu send ráðherra til staðfestingar.